

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 23. nóvember kl. 13:00 var haldinn 297. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað. Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð SF 296. Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð rafrænt.
2. Klukkan 13:00 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, til fundarins, lögðu fram og kynntu nýu mánaða uppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða.

Eyþór Laxdal Arnalds leggur til að ársreikningur ársins 2020 verði einnig lagður fram á kostnaðargrunni, en ekki einungis á IFRS grunni. Stjórn óskar upplýsingar um umfang vinnu og kostnaðar við að leggja fram tvöfalt uppgjör.

Ingvar Stefánsson gerði grein fyrir stöðu fjármála.

Ingvar Stefánsson lagði fram svohljóðandi tillögu varðandi lán frá Norræna fjárfestingabankanum (NIB). Tillögunni fylgir greinargerð:
Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir lántöku hjá Norræna fjárfestingabankanum (NIB) að fjárhæð USD 80 milljónum og heimilar jafnframt forstjóra eða framkvæmdarstjóra fjármála að undirrita öll skjöl sem þessi lántaka tekur til. Lántakan er í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun og innan ramma núverandi fjármögnunarheimilda. Lánveitingin er án ábyrgðar eigenda.

Samþykkt samhljóða.

Lagt fram og kynnt erindi, dags. 20. nóvember 2020 vegna kaupa ríkisins á hlutafé í Landsneti.

Lögð fram áhættuskýrsla, dags. 16.11.2020.

3. Klukkan 14:00 mætti Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri Þjónustu til fundarins og lagði fram tillögu um verklag og aðgerðir vegna stöðu vanskila og afskrifta vegna Covid 19. Málið var kynnt á síðasta fundi. Samþykkt samhljóða.
4. Lögð fram tillaga Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Eyþórs Laxdal Arnalds, sem þeim var falið að móta á SF 296 um viðbrögð við erindi Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar um skipan stjórna dótturfélaga. Samþykkt að fela stjórnarformanni að leita tilboða í samræmi við efni tillögunnar.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga vegna erindis forstjóra Norðuráls, dags. 13.11.2020 um afléttingu trúnaðar á orkusamningum. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir fyrir sitt leyfi að aflétta trúnaði af samningum við Norðurál og felur forstjóra að útfæra hvernig það verði gert.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Klukkan 14:30 mættu til fundarins Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, Belinda Eir Engilbertsdóttir, Hólmfríður Sigurðardóttir, Magnús Már Einarsson og Sólrún Kristjánsdóttir. Forstjóri kynnti undirbúning, tilgang og framkvæmd við tæmingu Elliðaárlóns. Umræður.

Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir leggja fram svohljóðandi bókun:

Farið var í að tæma Árbæjarlón þann 29. október án þess að fengnar væru umsagnir frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun. Þessara umsagna ber að afla þar sem Elliðaárdalur og Elliðavatn eru á náttúruminjasrá. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands sem liggur nú fyrir, dagsett í dag þann 23. nóvember segir meðal annars: „Að mati Náttúrufræðistofnunar er veikleiki þess sem hér hefur verið til umræðu sá að aðeins er verið að skoða hluta af því svæði sem raunverulega hefur verið raskað, en ekki heildarmyndina, og ekki fjallað um mögulega kosti og galla endurheimtar á sameiginlegum vettvangi.” - Að framansögðu er rökrétt að fara í heildarskoðun á framtíð Elliðavatns og Elliðaáa. Á meðan því er ólokið er réttast að bíða með varanlega tæmingu Árbæjarlóns.

- Klukka 15:00 mættu til fundarins Hrönn Ingólfssdóttir, ásamt Hörn Hrafnssdóttur og Dóru Hjálmarsdóttur frá Eflu og gerðu grein fyrir skoðun á öryggi Árbæjarstíflu.

Stjórn óskar eftir að fá reglulegar upplýsingar um framvindu vinnu við aðgerðaráætlun.

7. Klukkan 15:30 mætti Hildigunnur H. Thorsteinsson, framkvæmdastjóri rannsókna og nýsköpunar til fundarins og lagði, ásamt Hólmfríði Sigurðardóttur, umhverfisstjóra, fram til rýni umhverfis- og auðlindastefnu og stefnu um vistvænar samgöngur. Lagðar voru til breytingar á umhverfis- og auðlindastefnunni, sem taka mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Lagt til að stefna um vistvænar samgöngur verði óbreytt. Stefnumar rýndar og samþykktar.
8. Hólmfríður Sigurðardóttir lagði fram og kynnti minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða dags. 19.11.2020 og Hildigunnur H. Thorsteinsson, lagði fram og kynnti minnisblað dags. 19.11.2020 um stöðu forðagæslu. Umræður.
9. Klukkan 15:50 mættu Þráinn Friðriksson, Gestur Pétursson og Guðmundur Óli Gunnarsson og kynntu stefnuverkefnið „Rangárveita – Forði til framtíðar“ ásamt Hildigunni.
10. Klukkan 16:15 mætti Guðrún Erla Jónsdóttir stefnustjóri til fundarins, lagði fram og kynnti minnisblað um framvindu lykilverkefna/stefnuverkefna.
- Klukkan 16:20 yfirgaf Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir fundinn.
11. Lögð fram svohljóðandi tillaga um að fulltrúi starfsmanna taki sæti sem áheyrnarfulltrúi á fundum stjórnar. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að bjóða fulltrúa starfsmanna í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur að sitja stjórnarfundi sem áheyrnarfulltrúi frá janúarfundi 2021 og út starfstíma þessarar stjórnar. Fulltrúinn verði tilnefndur af starfsmannafélagi (STOR). Samþykkt samhljóða.
12. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 19. nóvember 2020, um starfsemina á milli stjórnarfunda.
13. Lögð fram til kynningar drög að starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2021. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:45.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 14. desember 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon
Hildur Björnsdóttir
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir
Eyþór Laxdal Arndals
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir